

## Styður kúltúrin í félaginu þínu við þann árangur sem þú sækist eftir (og veistu hvert þú/félagið stefnir)?

*Námskeið um það hvernig breyta má kúltúr félagsins; færa hann upp á annað plan svo félagið verði framúrskarandi.*

Við segjum gjarnan að kúltúrin í félaginu okkar sé góður, jákvæður og jafnvel óeðlilegur. En hvernig myndum við á lýsandi hátt greina stöðu mála í dag og hvort breytinga sé þörf til þess að ná tilætluðum árangri? Sú spurning sem kallar á aðra jafn mikilvæga spurningu, þeirri hvort að þú og félagið þitt vitið í raun og veru hvaða árangri þú/þið viljið ná, miðað við þau úrræði sem í boði eru; þeim sem félagið hefur lagt áherslu á?

Öll félög hafa sinn kúltúr en kannski ekki eins skýra mynd af því hvernig félagsmenn upplifa hann, því engir tveir eru eins. Tvö lykilatriði þarf að hafa í huga þegar talað er um kúltúr:

### 1. **Annað hvort stjórnar þú kúltúrnum eða kúltúrin stjórnar þér.**

Eru lykilstjórnendur félagsins að skilgreina, móta og leiða kúltúrin frá degi til dags, viku til viku eða er hann bara "látinn mótast af sjálfu sér" og er kannski bara rætt um kúltúrin einu sinni til tvisvar á ári þegar á hann hefur verið minnst?

### 2. **Kúltúr og árangur haldast í hendur.**

Ertu sátt/ur við árangurinn sem náðst hefur? Hann veltur nefnilega á hinum raunverulega kúltúr sem til staðar er (en ekki þeim sem við *höldum* að sé til staðar). Því er það svo að viljirðu breyta kúltúrnum þá þarftu að byrja á að skoða vandlega hvaða árangri þú vilt ná.

Í lok námskeiðsins munu þátttakendur hafa öðlast dýpri innsýn og skilning á félagskúltúr og hvernig á að móta stefnu félagsins í þeim efnum. Jafnframt munu þátttakendur öðlast færni í að beita praktískum aðferðum til innleiðingar í félaginu.

Markmið námskeiðsins er að gefa þátttakendum þekkingu og færni til að:

- skilgreina núverandi kúltúr í félaginu
- beina sjónum að og skilgreina þann árangur sem félagið vill í raun ná í framtíðinni
- hanna nýjan kúltúr fyrir félagið
- innleiða nýjan kúltúr í félagið (hver eru fyrstu skrefin?)

### Þátttakendur

Námskeiðið er ætlað þeim sem geta talist leiðtogar í sínu félagi eða íþróttahreyfingunni s.s. stjórnarmenn, þjálfarar og annað lykilstarfsfólk. Það væri félaginu í hag að senda saman þjálfara og stjórnarmenn úr sama félagi svo þeir séu á sömu bylgjulengd um það hvernig félagið megi halda áfram að þróa sinn kúltúr og skýra stefnu varðandi árangur.

### Tungumál

Kennt verður annaðhvort á ensku með íslenskum skýringum eða á íslensku með ítarlegri skýringum á ensku.

### Kennari

Námskeiðið kennir Brian Daniel Marshall, Yfirmaður Landsliðsmála (sund) hjá Parasport Danmark og framkvæmdastjóri Svømmeklubben FREM-Odense. Brian er einnig ráðgjafi til félaga og *mentor* til þjálfara og leiðtoga, en meðal viðskiptavina hans eru finnska sundsambandið sem og félög og þjálfarar í Evrópu.

Brian var áður félags- og landsliðsþjálfari á Íslandi og aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík.

Heimasíða: [brianmarshall.dk](http://brianmarshall.dk)